



SEYÐISFJARÐARSKÓLI



- Í hverju barni býr fjársjóður -

Starfsáætlun

Leikskóla-, grunnskóla-, og listadeild
Seyðisfjarðarskóla

2019-2020

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

EFNISYFIRLIT

Um skólann.....	2
Skólastefna Seyðisfjarðarskóla allar deildir.....	2
Áherslur og breytingar sem eiga við skólann í heild á skólaárinu.....	3
Starfsþróun - skólaþróun.....	3
Helstu sameiginlegu verkefni.....	3
Starfsandi og heilsueflandi skólastarf.....	5
Leikskóladeild.....	6
Nemendur og starfsfólk.....	6
Starfsemi á leikskóladeild.....	6
Opnunartími leikskóladeildar.....	7
Helstu áherslur varðandi faglegt starf vetrarins og breytingar.....	7
Helstu verkefni skólaársins.....	8
Haust.....	8
Jafnt yfir skólaárið.....	8
Viðhaldsverkefni.....	9
Búnaður leikskóladeildar sem þarf að uppfæra.....	10
Grunnskóladeild.....	11
Nemendur og starfsfólk.....	11
Helstu áherslur varðandi faglegt starf vetrarins.....	11
Helstu faglegu verkefni á skólaárinu og breytingar 2019-2020.....	12
Haust og vetur.....	12
Viðhaldsverkefni húsnæðis.....	13
Búnaður grunnskóladeild sem þarf að bæta.....	14
Listadeild.....	16
Starfsemi í listadeild.....	16
Tónlistaskólinn, nemendur og starfsfólk.....	16
Starfsfólk listadeildar.....	17
Breytingar.....	18
Opnunartímar.....	18
Helstu markmið listadeildar árið 2019-2020.....	18
Búnaður sem þarf að uppfæra.....	18
Lokaorð.....	19

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

UM SKÓLANN

Seyðisfjarðarskóli er samrekinn leik-, grunn- og listaskóli staðsettur í þremur starfsstöðvum í miðbæ Seyðisfjarðarkaupstaðar. Í skólanum í heild starfa á skólaárinu hundrað og eitt barn og um þrjátíu og fimm starfsmenn í mismunandi stöðuhlutföllum. Í haust eru skráðir 29 nemendur í leikskóladeild en sjötíu og einn nemandi er skráður í fyrsta til tíunda bekk grunnskóladeildar. Þar fyrir utan eru fimmtíu og þrjú nemendur skráðir í tónlistarnám veturinn 2019-2020.



Nemendur í heimsókn á Stöðvarfjörð á vordögum 2019.

Mikil þróun á sér stað í innra starfi í skólanum þessi misserin og byggir sú þróun á víðtæku samtali sem hefur um hríð átt sér stað skólasamfélaginu. Samhliða hefur fjölgun nemenda í öllum deildum miðað við fyrri áætlanir en á skólaárinu 2019-2020 er aftur fyrirséður samdráttur í nemendafjölda á leikskóladeild.

Yfirskrift stefnu skólahlads á Seyðisfirði er að í hverjum nemanda búi fjársjóður.

SKÓLASTEFNA SEYÐISFJARÐARSKÓLA ALLAR DEILDIR

Í skólastarfi Seyðisfjarðarskóla er stefnt að því að:

Nám og velferð nemenda sé höfuðmarkmið með öllu skólastarfi því að nemendur eru í öndvegi í skólastarfinu.

Nám nemenda einkennist af þátttöku þeirra, ábyrgð, sköpun, jafnrétti og sjálfbærni.

Virkja áhuga nemenda til náms með krefjandi og fjölbreyttum viðfangsefnum við hæfi. Nemendur geti unnið sjálfstætt og í samvinnu við aðra.

Unnið sé af metnaði og stefnt á framúrskarandi árangur en ekki á kostnað gleðinnar og samhygðarinnar.

Því stefna kennarar og nemendur að því að:

Setja sér markmið og hafa trú á að hægt sé að ná þeim!

Ástunda vönduð, lausnamiðuð og fjölbreytt vinnubrögð.

Gleðjast yfir árangri, yfir tækifærum til náms og njóta verkefnanna.

Temja sér virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífsins.

Hafa öll samskipti jákvæð og góð, - hlæja saman, hrósa, hvetja og rýna til gagns!

Muna að allir gera mistök, þau eru einstök tækifæri til að læra af.

Hafa hugfast að vellíðan og virkni er lykill að árangri okkar við leik og störf.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaárið 2019-2020 er gert ráð fyrir að halda áfram með vinnu sem tengist því að framfylgja skólafestu sveitarfélagsins og sameinuðu skólalaldi frá 2016 og setja vörður fyrir næstu tvö árin.

ÁHERSLUR OG BREYTINGAR SEM EIGA VIÐ SKÓLANN Í HEILD Á SKÓLAÁRINU

STARFSÞRÓUN - SKÓLAÞRÓUN

Starfsfólk á öllum deildum vinnur að starfsþróun jafnt og þétt allan veturinn með þátttöku í námskeiðum, lestri greina og miðlun hvers til annars. Jafnframt höldum við áfram að æfa okkur og prófa áfram nýjar kennsluáðferðir eins og greint hefur verið frá í fyrri áætlunum og í skólanámskrá á vefnum í tengslum við þróunarverkefnið Uppeldi til ábyrgðar, Orð af orði, Lubbi finnur málbein og innleiðingu skólafestu Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Skólalæsi mun mæla viðhorf nemenda og foreldra til skólans og starfshátta hans (í leik- og grunnskóladeild). Stefnt er að því að sækja um styrki til skólaþróunar til Endurmenntunarsjóðs, Lýðheilsusjóðs og Sprotasjóðs þetta skólaárið.

HELSTU SAMEIGINLEGU VERKEFNI

- Stefnt er að því að efla nemendur og foreldra í að nýta Mentor. Vinnslusamningur við Mentor verður uppfærður í samstarfi við persónuverndarfulltrúa og skoðað verður hvort ástæða sé til að fá til okkar námskeið. Kennsluáætlanir í grunnskóladeild eru útfærðar í takti við Aðalnámsskrá 2011 og birtast á vef skólans. Áfram er hægt að nýta sniðmát sem útbúið var af stjórnendum 2018 en einnig gefst kennurum kost á að gera kennsluáætlanirnar í Mentor K3.
- Breytingar á persónuverndarlöggjöfinni undanfarin ár hefur haft áhrif á starfshætti starfsfólks í skólanum öllum. Löggjöfin kallar á formfestu varðandi meðferð persónurekjanlegra gagna og vinnslu upplýsinga en einnig kalla ný viðmið á útgjöld vegna breytinga sem æskilegt er að ráðast í, t.a.m. hýsing gagna í tölvum sem og endurskoðun á skjalavörslu og aðgengi að gögnum.
- Áfram er eftirfylgni með því að leggja facebooknýtingu af. Er það í takti tilmæli Persónuverndar frá því í september 2018.
- Austurlandslíkanið, það er samráð skólans við heilbrigðis- og félagsþjónustuna, hefur verið kynnt foreldrum og innleitt og mun það hafa áhrif á vinnubrögð starfsfólks. Tengiliðir skólans við starfið í Teyminu eru sérkennarar skólans. Verkferlar hafa verið útbúnir.
- Námsmat verður í skoðun á skólaárinu skv. úrbótaáætlun en kennsluhættir allra deilda eiga að taka mið af innleiðingu uppeldis og samkiptastefnunnar Uppeldi til ábyrgðar.
- Stefnt er að því að gera þjónustusamning við Tröppu ehf. til að mæta sérkennsluþörf varðandi talþjálfun.
- Bókasafn bæjarins og skólans tekur til starfa undir stjórn nýs forstöðumanns og skólasamfélagið bindur vonir við að stefna skólans og safnsins nái að fléttast saman

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Þannig að safnið þjóni skólanum sem best og nemendum í átt að auknu læsi. Vísbendingar um að svo megi verða eru góðar þar sem að nú starfar starfsmaður á bókasafninu alla daga nema föstudag og er til staðar á skólatíma. Stjórnendur allra deilda fagna þeirri breytingu.

- Merki skólans var útbúið í opinni samkeppni árið 2017. Stefnt er að því að gera það enn sýnilegra á eyðublöðum og rýmum skólans alls. Eins velja starfsmenn sér gildi starfsmannahópsins og munu þau gildi verða gerð sýnileg í vinnurýmum kennara. Gildin voru valin í ágúst 2019: VIRÐING, VINÁTTA, TRAUST, GLEÐI.
- Óskað hefur verið eftir að lengja tíma sem Skólasel starfar og bæta þjónustu þess en á síðastliðnu ári fékst ekki annar starfsmaður til starfa við Skólasel og því var erfitt um vik að verða við þeirri ósk. Stefnt er að lengri opnun fái til þess starfsmaður.
- Sameining Seyðisfjarðarskóla: áfram fundnir fletir á samstarfi við grunnskóladeild/ listadeild/hópefli starfsfólks, sameiginlegir dagar á skóladagatali).
- Sameiginlegir starfsmannafundir á starfsdögum eru sjö talsins en einn af þeim er tileinkaður námsferð starfsfólks í þeim tilgangi að kynna sér uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar. Jafnframt munu nemendur og kennarar vinna þverfaglega og þvert á árganga að svokölluðu Menntamóti í október, ásamt því að skólaskemmtun er sameiginlegur viðburður sem unnið er að.
- Ný jafnréttisstefna og jafnréttisáætlun tekur gildi á þessi skólaári fyrir allar deildir og kosið er í jafnréttisnefnd meðal starfsólks.
- Æskilegt er að upplýsingaskjái verði settir upp á öllum deildum.
- Huga mætti að nútímalegra símkerfi fyrir allan skólann.
- Skoðaðar leiðir til að auka svigrúm starfsfólks til að stunda hreyfingu á vinnutíma.
- Samkvæmt innramatsskýrslu er gert ráð fyrir að framkvæma ýmsar úrbætur á innra starfi í grunnskóladeild og húsnæði en því er nánar gert skil í innramatsskýrslu en stærstu atriðin sem hafa veruleg áhrif á kostnað í för með sér eru nefnd í grunnskólahlutanum.
- Skoðaður verður af stjórnendum möguleikinn á að samhæfa sérkennslu á milli deilda og hvort að skynsamlegt að sé að ein mannskja hafi heildarsýn yfir sérkennsluna, eins verður skoðað hvort að hægt verði að ráða talsmann nemenda, sem myndi starfa sem náms og starfsráðgjafi og við kennsluráðgjöf.
- Skoðað verður á árinu hvort að bæta megi við stöðuhlutfalls matráðs í eldhúsinu til að mæta betur þörfum nemenda með sérþarfir í matarræði.
- Skoðað verður hvort að setja megi upp dýrahús, áhugi er fyrir að halda hænur, endurnýta matarafgangna og hefja moltugerð og grænmetisræktun í mjög náinni framtíð. Sóttir verða styrkir til þróunar á því verkefni.
- Undirbúningsvinna að byggingu skólahúsnæðis.
- Kosið er í skólaráð á haustdögum, ráðið er sameiginlegt fyrir allar deildir skólans.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Heimasíða skólans virkar sem skólanámsskrá en dreifingu skólanámsskrár hefur verið hætt. Símaskrá nemenda í grunnskóladeild þó send á öll heimili.

STARFSANDI OG HEILSUEFLANDI SKÓLASTARF

Starf okkar í heilsueflandi leik- og grunnskóla í ár miðar að því að gera úttekt á hreyfingu og öryggi nemenda, vellíðan þeirra og réttindum. Skólastjórnendur hyggjast stuðla að góðum starfsanda og efla góð samskipti meðal starfsfólks alls og á milli deilda. Skólastjórnendum býðst einnig handleiðsla á vegum Líf og Sál eftir þörfum og er það nýnæmi. Meðal starfsfólks verður stuðlað að jákvæðum starfsanda með hvatningu, fræðslu, samveru og samstarfi. Líkt og fyrri ár verður skipuð skemmtinefnd starfsmanna sem hefur skýrt hlutverk. Fastir fagfundir og starfsmannafundir eru á hverri deild fyrir sig en að hluta til eru skipulagsdagar sameiginlegir. Gert er grein fyrir fundum og starfsdögum deildanna í viðauka. Hópefli starfsmanna verður markvisst í vetur og námsferðir farnar í því tilliti og vegna starfsþróunar. Á árinu verður skoðað af fullri alvöru að gera starfsfólki kleift að stunda hreyfingu á vinnutíma sem nemur klukkustund á viku. Varðandi starfsanda er unnið eftir úrbótaáætlun um bættan starfsanda sem unnin var í samráði við ráðgjafa og fræðslunefnd skólaárið 2018-2019.



Nemendur leik- og grunnskóladeildar mynduðu hjarta á baráttudegi gegn einelti 2018.

LEIKSKÓLADEILD

NEMENDUR OG STARFSFÓLK

Á leikskóladeildinni eru börn á aldrinum 1-5 ára. Sú breyting varð á nú í haust að þeim er skipt upp í tvo meginhópa (deildir) í stað þriggja eins og verið hefur amk. þrjú síðustu skólaár (Álfhóll, Vinaminni, Dvergasteinn). Vinaminni er deild 1-3 ára barna, þar eru 15 börn. Dvergasteinn sem er deild 4-5 ára barnanna, í ár eru þar 14 börn. Samtals eru nemendur á leikskóladeild 29 í september 2019. Þrjú eins árs börn eru á biðlista og eitt barn sem kemst á aldur í lok nóv. á umsókn líka. Þau koma til með að fá pláss þegar rætist úr mönnunarvanda sem borið hefur á í haust.

Af starfsfólki leikskóladeildar eru fjórir leikskólakennarar með leyfisbréf haustið 2019. Tveir þeirra eru í 100% starfi deildastjóra, einn í 100% starfi aðstoðarleikskólastjóra sem sinnir kennslu barna m.a. í forföllum allt að 45% hluta starfsins og einn leikskólakennari er í 50% starfi sem sérkennari. Sérkennarinn er með leyfisbréf sem sérkennari, í grunn- og leikskóla og jafnframt sinnir hann starfs- og námsráðgjöf í grunnskóladeild. Sex leiðbeinendur eru þar fyrir utan í 5,37 stöðugildum (í byrjun sept. 2019). Þar af einn með háskólamenntun sem nýtist í starfi. Auk þessa er ráðið í eitt stöðugildi í móttökueldhúsi og 37% starfshlutfall við ræstingar. Samtals ráðið í tíu 10 stöðugildi í september 2019 en heimild er fyrir allt að 11,5 stöðugildum innan leikskóladeildar, þar með talinn stuðningur á deildum vegna barna með greiningar og/eða álag vegna sértæks vanda á deildum.

Þótt að ætíð séu einhver starfsmannaskipti í byrjun hvers skólaárs hefur vantað óvenju marga til starfa þetta haustið. Tólf manns eru nú á launaskrá (í 10 stöðugildum) og var aðeins helmingur þeirra starfsmanna á launaskrá á síðasta skólaári. Því höfum við í byrjun september sex nýja starfsmenn sem eru allir í þjálfun í starfi. Athyglisvert er að helmingur starfsmanna á leikskóladeild eru af erlendu bergi. Af þeim er einn starfsmaður sem hefur starfað hér í þrjú ár, ein í ræstingum í tvö ár en hinir eru nýjir.

STARFSEMI Á LEIKSKÓLADEILD

Leikskóladeildin byggir starf sitt á heiltækri skólustefnu Seyðisfjarðarskóla og kaupstaðarins þar sem öll börn hafa jafnan rétt til leikskólustarfs, sem og lögum um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla frá 2011. Hjá okkur er mikil áhersla lögð á frjálsan og skapandi leik barnanna. Í samstarfi við foreldrana á að efla alhliða þroska allra barna, veita öllum börnum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Í skólustefnu Seyðisfjarðarskóla er lögð áhersla á útinám, umhverfisvernd og skapandi skólustarf. Seyðisfjarðarskóli er heilsueflandi skóli og leikskóladeildin er því Heilsueflandi leikskóli, þar sem lögð er áhersla á heilsueflingu barna og starfsfólks. Áhersluþáttur vetrarstarfsins í leikskóladeildinni í tengslum við Heilsueflandi skóla eru nemendur, hreyfing og öryggi.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Til að ýta undir skapandi skólastarf og skapandi hugsun er lögð áhersla á virkni barnsins í eigin þekkingarleit og mikilvægi þess að kennarar nýti áhugahvöt barnsins hverju sinni. Leikskólastarfið byggir á því að nemendinn fái við raunveruleg verkefni, fái tíma til að rannsaka umhverfið sitt, nýta frumkvæði og prófa eigin hugmyndir. Lögð er mikil áhersla á notalegt andrúmsloft þannig að barninu líði vel. Áhersla er lögð á að börnin séu sem mest sjálfbjarga (miðast við aldur og þroska) og að efla þau sem sjálfstæða einstaklinga. Mikilvægt er að þau noti sjálfstæði sitt til að framfylgja forvitni sinni og hafi sjálfstraust til þess að leysa vandamál og segja hug sinn. Dagskipulag eftir deildum má nálgast í viðauka og eins mánaðarskipulag sem er nýtt verkfæri, einkonar kennsluáætlun sem leikskóladeild ætlar að vinna eftir í hverjum mánuði.

OPNUNARTÍMI LEIKSKÓLADEILDAR

Leikskóladeildin er opin frá kl. 7.45 til kl. 16.15 alla virka daga. Leikskóladeildin er lokuð á aðfangadag og gamlársgdag. Skipulags- og námskeiðsdagar eru 3,5 á skóladagatali foreldra og er leikskóladeildin þá lokuð. Starfsfólk vinnur af sér hluta af starfsdögum utan opnunartíma leikskóladeildarinnar þar fyrir utan en framkvæmd skipulagsdaga er í höndum skólastjórnenda. Skipulagsdagar eru skráðir á skóladagatal og auglýstir með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Leikskóladeildin lokar einn mánuð á ári, en þá er sumarfrí. Einnig er lokað í haust og vetrarfrí, það eru samtals fimm dagar (hluti af þeim reiknast sem skipulagsdagar hjá starfsfólki). Í vetur eru í fyrsta sinn starfsmannafundir á vinnutíma og eru þeir 1 klst. í senn í lok dags 1x í mánuði. Sjá nánar í skóladagatali leikskóladeildar og viðauka fundir og frí 2019-2020.

HELSTU ÁHERSLUR VARÐANDI FAGLEGT STARF VETRARINS OG BREYTINGAR

Á haustmánuðum var unnið að því að móta skólastarf vetrarins og það sett niður í mánaðardagatöl þar sem starfsemin verður gerð meira sýnileg fyrir nemendum, foreldra og starfsmenn. Öll fagleg vinna miðar að því að vera í takt við grunnþætti menntunar út frá Aðalnámskrá leikskóla 2011 og skólastefnu Seyðisfjarðarkaupstaðar og jafnframt er unnið að því að innleiða Uppeldi til ábyrgðar í daglegt starf með nemendum.

Áfram verður haldið við að bæta starfs- og námsaðstöðu barna og starfsfólks. Keyptir voru skápar í sumar og klárað verður að setja þá upp nú í sept. á Skaftfelli listaskála, Vinaminni og Dvergasteini til að starfsmenn og börn gætu haft betra aðgengi að kennslugögnum.

Nýung á þessu skólaári er að kennarar sem einnig kenna í grunnskóladeild koma til með að kenna myndlist og íþróttir í leikskóladeild á skólaárinu. 1-4 klukkustundir á viku eftir nánari ákvörðun stjórnenda. Tónlistarkennsla verður í höndum leikskólakennaranna sem fastráðnir eru við leikskóladeildina.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Endurskoðun skólalóðar er enn í vinnslu og þarf að gera bragarbót að því að sinna nauðsynlegu viðhaldi á leiktækjum og lóð. Stefna skal að því að vinna með starfsfólki að hugmyndum á útfærslu skólalóðar á þessu skólaári. Í ágúst s.l. var smíðaður timburveggur kringum sandkassann og búið er að ákveða að fjarlægja kofann af lóðinni vegna slyshættu og óhagræðis af honum.

HELSTU VERKEFNI SKÓLAÁRSINS

HAUST

- Taka á móti nýju starfsfólki og upplýsa það og fræða um áherslur í skólastarfi Seyðisfjarðarskóla (óvenju stór hópur nýs starfsfólks).
- Innleiðing skólastefnu Seyðisfjarðarskóla með áherslu á skapandi skóla.
- Innleiðing Uppeldi til ábyrgðar (fræðsla, skólaheimsóknir og stigin fyrstu skrefin í starfinu). Foreldrar fá fræðslu um UTÁ nú í haust og Skólapingið tileinkað því.
- Fjárhagsáætlun: (tölvubúnaður/húsgögn- og búnaður, skólalóð, kennslugöng og leikföng)
- Endurskoðun skólanámskrár leikskóladeildar
- Innleiðing nýrra persónuverndarlaga
- Menntamót, sameiginlegt með öðrum deildum Seyðisfjarðarskóla innleitt í starfið.
- Námsferð starfsfólks leikskóladeildar til Akureyrar (starfsdagur í sept.). Námsferð starfsfólks Seyðisfjarðarskóla í Fjarðarbyggð á haustönn.
- Unnið að góðum starfsanda.

JAFNT YFIR SKÓLAÁRIÐ

- Þátttaka í átaks og þróunarverkefninu *Bættur námsárangur á Austurlandi* sem er samstarfsverkefni allra grunn-og leikskóla á Austurlandi og Skólaskrifstofu Austurlands og miðar að því að bæta námsárangur allra skólabarna í fjórðungnum í lestri og stærðfræði.
- Læsisstefna endurmetin og samræmd innan skólans í heild.
- Brúum bilið/farsæl skólabyrjun fyrir nelstu nemendur unnið eftir áætlun þar um.
- Innleiðing uppeldisstefnunnar UTÁ: uppeldi til ábyrgðar, fræðsla, ferðir, fyrstu skrefin í starfi, fræðsla til foreldra.
- Innra mat. Sjálfsmat starfsfólks annað hvert vor og starfsmannaviðtöl á hverju vori. Foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins annað hvert vor (nú í ár) og mat elstu barna á líðan í leikskólastarfinu að vori. Heilsueflandi leikskóli/gátlisti vegna þessa ársins, og endurmat á gátlista vegna starfsfólks í febrúar..
- Námsmat nemenda. Í janúar fer fram námsmat nemenda, foreldraviðtöl fylgja í kjölfarið.
- Unnið eftir nýrri jafnréttisáætlun.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

- Heilsueflandi skóli, þema vetrarins er nemendur, öryggi og hreyfing. Áhersla verður lögð á jákvæði samskipti með UTÁ til hliðsjónar, dagskipulag sem mætir þörfum nemenda, heilsusamlegt fæði, gönguferðir, leiki á skólalóð og í grennd hennar og tveir elstu árgangarnir fá tíma í íþróttahúsinu.
- Samstarf við Skaftfell (Samningur Seyðisfjarðarskóla við Skaftfell) heldur áfram á svipuðum nótum og verið hefur. Við tökum þátt í Bras, List án landamæra og tveir elstu árgangarnir heimsækja sýningar á vegum Skaftfells í vetur
- Skapandi skóli: Lögð verður áhersla á skapandi starfshætti með börnunum á öllum sviðum daglegs starfs, hvort sem er í myndlist, hreyfingu, dansi eða samræðum. Allir starfsmenn skoða skapandi skóla á Akureyri í sept. og fræðsla verður á starfsmannafundum. Nemendur taka þátt í skapandi dansi í tengslum við Bras listahátíð barnanna á Austurlandi og stefnt er á skapandi dans fyrir alla nemendur þetta skólaár.
- Samvinna við HSA Fossahlíð um heimsóknir nemenda skv. áætlun þar um.
- Samstarf við Bókasafn Seyðisfjarðar, elstu tveir árgangarnir heimsækja reglulega bókasafnið í vetur.
- Starfsþróun: Starfsfólk vinnur að starfsþróun jafnt og þétt allan veturinn með þátttöku í námsskeiðum, lestri greina og miðlun til hvers annars. Námsferð starfsfólks leikskóladeildar á Akureyri í sept. og í Fjarðabyggð í nóv.
- Starfsandi: Skólastjórnendur leggja áherslu á að stuðla að góðum starfsanda og efla góð og regluleg samskipti meðal starfsfólks innan deilda sem milli deilda. Öll samskipti skulu vera í anda þeirra gilda sem starfsfólk valdi nú í upphafi skólaárs: VIRÐING, VINÁTTA, TRAUST, GLEÐI.

VIÐHALDSVERKEFNI

- Viftu í glugga á salerni við fataklefa.
- Endurbætur á salerni hjá Dvergasteini, setja upp tvö veggsalerni á endavegg og vaskarennu þar sem nú er hár bekkur.
- Byrgja þarf ofna sem hafa hættulega skarpa kanta inn á Álfhóli og Ósi.
- Mála þarf stærstan hluta leikskóladeildar í næstu sumarlokun.
- Endurskipulagning skólalóðar og fyrstu framkvæmdir við breytingar.
- Endurskipulagning Skaftfells, listkennslustofu er nú á lokastigi, nýjir skápar settir upp í byrjun skólaárs.
- Uppsetning hljóðvistarplatna á Skaftfelli.
- Útilóð: Mála þarf öll leiktæki. Skipta þarf út hlutum úr leiktækjum sem eru orðin ónýt. Gera þarf við holur á hólnum og grasflötum. Yfirfara girðingu og skipta út ryðguðum staurum. Fjarlægja kofa af lóð (hugsanlega færa hann upp í útistofu með smá breytingu).
- Færa þarf ruslatunnur niður á grasflötina við enda gangstéttar sem kemur í framhaldi af rampinum. Smíða þarf / útvega þarf smekklegt hýsi undir ruslafötunarnar.
- Ath. þarf aðgengi fyrir fatlaða.



BÚNAÐUR LEIKSKÓLADEILDAR SEM ÞARF AÐ UPPFÆRA

- Fartölvur fyrir hverja deild.
- Þráðlaust net.
- Kennslugögn.
- Húsgögn.
- Leiktæki á skólalóð.

GRUNNSKÓLADEILD

NEMENDUR OG STARFSFÓLK

Í grunnskóladeild er 71 nemendi í fjórum námshópum. Í 1. og 2. bekk eru 16 nemendur, í 3. og 4. bekk, 11 nemendur, 21 nemendi er á miðstigi (í 5.-7. bekk) og í 8.- 10. bekk eru 23 nemendur. Þrettán kennarar starfa í grunnskóladeild að skólastjórnendum meðtöldum, allir með leyfisbréf til kennslu nema einn sem starfar með undanþágu frá ráðuneyti. Við grunnskóladeild starfa sex umsjónarkennarar í ofantöldum námshópum. Einn kennari starfar við sérkennslu og einn við íþróttakennslu. Einn kennari starfar í hlutastarfi en hann sinnir list- og verkgreinakennslu. Aðrir starfsmenn eru: Skólaliði sem sinnir gæslu, ræstingu og skólaseli; stuðningsfulltrúar sem er inni í bekk ásamt því að sinna skólaseli staða þeirra er 1,6 stöðugildi, húsvörður sem sinnir húsvörslu við allar deildir, gæslu og ræstingu í grunnskóladeild í fullu starfi og ritari í hálfu starfi við allar deildir. Kennslumagn við grunnskóladeild er 286 kennslustundir. Í ár er hluti af því nýtt í starf skólaliða í bekk.

HELSTU ÁHERSLUR VARÐANDI FAGLEGT STARF VETRARINS

Helstu áherslur varðandi faglegt starf í grunnskóladeild er þær að áframhaldandi þátttaka verður í þróunarverkefnunum Bættur námsárangur, Orð af orði, Byrjendalæsi og jafnframt þátttaka í verkefninu Heilsueflandi skóli. Síðastliðin tvö ár hefur farið fram undirbúningur að því að innleiða uppeldisstefnuna Uppeldi til ábyrgðar í skólanum öllum. Í vetur verður byrjað að starfa eftir stefnunni og verður sérstök áhersla lögð á að fá nemendur og kennara með sem virka þátttakendur.

Áfram er gert ráð fyrir daglegum yndislestri á öllum stigum. Allir bekkjahópar eru með upplýsingamennt, heimilisfræði og myndmennt á stundaskrá, íþróttatímar eru fjórum sinnum í viku hjá öllum hópum og auk þess eru íþróttir, legó og útivist val hjá unglingastigi á fyrstu önn af þremur. Á seinni önnunum er val í unglingadeild nemendastýrt að öllu leyti en þrír kennarar eru nemendum til aðstoðar.

Að jafnaði eru nemendur sex til átta talsins í verkgreinum, en lögð er áhersla á að kenna verkgreinar í litlum hópum. Tími á sal, sem opinn er foreldrum heldur áfram. Sú stund er í fyrsta tíma á föstudögum og er þar samsöngur einn af föstu punktunum.

Skólinn opnar kl. 07:50 líkt og áður og kennsla hefst 08:15. Fram að hádegi eru tvennar frímínútur, 20 mín. kl. 09:35 þar sem allir nemendur í 1. -7. bekk fara í útivist og 10 mín. kl. 10:55 þar sem nemendur geta valið um að vera inni eða úti. Matartími nemenda er frá 11:45 – 12:30. Nemendur á yngsta stigi eru alltaf búnir í skólanum kl. 13:30, á miðstigi kl. 14:20 og unglingastigið er í skólanum til 14:20 þrjá daga vikunnar en til 15:00 tvisvar í viku þegar val tímar eru á stundaskránni.

Það að byrja morguninn rólega og hefja ekki kennslu fyrr en 08:15 hefur gefið góða raun jafnt fyrir nemendur og starfsfólk þar sem það minnkar álagið á morgnana. Það ásamt því að minnka hópa og festa heimastofur á alla hópa eru liðir í því að bæta líðan nemenda og efla námsárangur þeirra.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Búið er að gera gagngerar endurbætur á húsnæði Herðubreiðar sem stórbætir alla aðkomu og aðstöðu í matsal nemenda. Eins hafa verið gerðar á sl. tveimur árum umfangsmiklar breytingar á nýtingu skólahúsnæðis þar sem viðhaldi hefur verið sinnt af atorkusemi.

HELSTU FAGLEGU VERKEFNIN Á SKÓLAÁRINU OG BREYTINGAR 2019-2020

- Bæta líðan og námsárangur nemenda í samstarfi við foreldra og nemendur sjálfa.
- Skoða þarf sérstaklega úrræði vegna sérkennslumála og málefni tvítyngdra nemenda.
- Áframhaldandi þátttaka í þróunarverkefnum, sjá skólanámskrá (vefur).
- Menntamót/menningarmót.
- Unnið eftir nýrri jafnréttisáætlun skólans.
- Nýting bókasafnsins, samstarf og þróun.
- Ákvörðun um símnótkun nemenda í skólanum, framhald á víðtæku samráði.
- Skoðunarþáttur í heilsueflandi skóla er „nemendur“ og „hreyfing/öryggi“.
- Nýta nýju heimasíðuna vel, virkja starfsfólk og nemendur til að skrifa fréttir.
- Auka notkun kennara, nemenda og foreldra á Mentor.
- Unnið verður að áframhaldandi samþættingu og samvinnu kennara, innan deildarinnar og við aðrar deildir.
- Starfsþróun kennara skv. starfsþróunaráætlun, m.a. fjölbreyttir kennsluhættir og uppeldisstefna.
- Sjá til þess að skólastarfið sé í samræmi við persónuverndarlög.
- Innleiðing á uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar (UTÁ) unnið eftir stefnunni með nemendum.
- Heimsókn starfsfólks allra deilda í skóla sem vinna eftir Uppeldi til ábyrgðar.
- Unnið áfram áfram að þeim breytingum sem hófust sumarið 2016 (nýrri stefnu og markmiðum) og aðlagast þeim.
- Aðstaða og starf í Skólaseli, skoða úrbætur og vistunartíma.
- Dýrahús, moltugerð grænmetisræktun til skoðunar, sjálfbærnikennsla styrkt.

HAUST OG VETUR

- Áframhaldandi innleiðing á skólastefnu og UTÁ.
- Fjárhagsáætlun
- Starfað eftir nýrri eineltisáætlun.
- Starfað eftir nýrri jafnréttisáætlun
- Unnið samkvæmt úrbótaáætlun vegna innra mats. Þar undir eru m.a. skólastefna, mannauðsmál, jafnréttismál, námsmarkmið, persónuvernd, námsmat og líðan nemenda.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

- Skólaping Seyðisfjarðarskóla verður haldið 9. október með þátttöku nemenda, foreldra og starfsfólks auk þess sem fræðslurnefnd er boðuð á þingið ásamt því að bæjarbúar eru velkomnir. Þarna ræðum við tiltekin og fyrirfram valin málefni skólastarfsins í hópum. Ritarar hópanna skila niðurstöðum til skólastjórnenda sem vinna úr þeim skýrslu og velja nokkur atriði sem sett eru í framkvæmd sama vetur. Í ár verður áherslan á að kynna uppeldisstefnuna, Uppeldi til ábyrgðar fyrir foreldrum og öðrum í skólasamfélaginu.
- Brunaæfing. Haldin er brunaæfing árlega em enginn veit um tímasetningu á nema skólastjóri og slökkviliðsstjóri. Áður hafa nemendur og kennarar æft sig að fara út eftir merktum flóttaleiðum.

Áætlanir unnar á árinu

- Skýrslugerð og úrbótaáætlun eftir innra mat skv. áætlun.
- Starfs og fjárhagsáætlun.
- Áætlun um innleiðingu skólastefnu og sameiningar, fasi III.

VIÐHALDSVERKEFNI HÚSNÆÐIS

Rauða húsið

- Loftun í handmenntatofu.
- Leki í smíðastofu þarf að skoða með gluggum.
- Svalir eru fúnar og þurfa viðhald.
- Forstofa, leki og rakaskemmdir sem þarf að komast fyrir og laga.
- Tréverk í stofum og fatahengi þarf orðið að þússa upp.
- Lýsing í kennslustofum og á bókasafni (ljós úti við glugga en vantar lýsingu innst í rýmnum, við viljum losna við flúorljósin).
- Húsgögn í verkgreinastofum ósk um bættu vinnuáðstöðu nemenda og kennara.
- Tölvulögn og símalögn í smíðastofu skortir.
- Mála þarf skólann að utanverðu.

Gamli skóli

- Meta þarf hljóðvist í gamla skóla.
- Meta þarf aðstöðu starfsfólks og nemenda af Vinnueftirliti.
- Með tilliti til að heimastofa allra nemenda frá 1.-10. bekk þarf að gera úrbætur á handriði gamla skóla, skapar umtalsverða hættu og álag á starfsfólk.
- Starfsmannasalerni er óviðunandi, þrátt fyrir úrbætur sumarið 2019.
- Inngangur nemenda, endurbætur á kjallara, bíslagi og lyfta.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

- Salernisaðstaða nemenda.
- Klára þarf að mála innanhúss, kjallari, salur, minni rými og stofa 3.
- Gólf á efsta lofti og stigin þangað upp þarfnast viðhalds.
- Handrið er ólöglegt, teikningar af úrbótum eru til, ráðast þarf í framkvæmdir á verkinu.
- Skólastjóraskrifstofa á efstu hæð, laga gólf.
- Aðstaða aðstoðarskólastjóra, skoða með tilliti til endurbóta.
- Geymslu undir bækur og skólagögn skortir.
- Málning á ytra byrði skólans er verulega farin að láta á sjá. Nauðsynlegt er að ráðast í þá málningarvinnu n.k. sumar.
- Útitróppur við aðalinngang eru molnaðar og af þeim stafar hættu. Þegar þær verða lagaðar mætti athuga hvort hentar að setja í þær hitalögn.
- Útidyrhurðin við aðalinngang, er í vinnslu (hefur verið það í afar mörg ár).þarf að klára.
- Millihurð í holi er nauðsynleg þegar ný útidyrhurð kemur.
- Gluggar leka, skoðað af húsverði.
- Lagning rafmagns á Sal.
- Umferðaröryggi nemenda við Gamla skóla er ekki tryggt. Þar skortir á merkingar og lýsingu og umferðarhraði er of mikill við skólann. Framkvæmda er þörf.

BÚNAÐUR GRUNNSKÓLADEILD SEM ÞARF AÐ BÆTA

- Heilsuvænni aðstaða/búnaður til þrifa.
- Leiktæki mætti uppfæra á „skólalóð“
- Skólahúsgögn eru mörg hver slitin, henta illa og eru ómeðfærileg.
- Endurnýja þarf skólahúsgögn í 8. -10. bekk.
- Endurnýja þarf skólahúsgögn í 1.-4. bekk.
- Búnaður myndlistarstofa: ljós, skjávarpi, rekkar og áhöld.
- Endurnýja þarf tölvur í vinnuaðstöðu kennara.
- Endurnýja þarf Ipada, sérstaklega í ljósi þess að við viljum gerast símalaus skóli.
- Myndavél og upptökuvél þarf að uppfæra.
- Tölva fyrir nemanda.
- Fartölvur fyrir kennara.
- Ipadar fyrir nemendur
- Eftirtalin kennslutæki þarfnast endurnýjunar:
 - Myndlistarstofa: ýmis áhöld og skipulag.
 - Skjávarpar, skipta út/ eru rðnir gamlir.
 - Tónlistarstofa: ýmis hljóðfæri.
 - Kennlutæki til forritunar og upplýsingatækni.
 - Magnari vegna bjöllu



Árangursmæling

Margs konar árangursmælingar á skólastarfinu fara fram jafnt og þétt allan veturinn og ber þar helst að nefna innra mat skólans nefnt hér að framanv. úrbótaáætlun, námsmat og skimanir.

Þrisvar á ári eru niðurstöður námsmats í grunnskóladeild sendar foreldrum. Í kjölfarið eru haldnir fundir með hverjum nemanda og foreldrum hans þar sem farið er yfir niðurstöðurnar og hugað að framhaldinu.

Margs konar kannanir aðrar, stöðumat og skimanir eru lagðar fyrir nemendur, ýmist af hálfu kennara eða af Skólaskrifstofunni auk samræmdra prófa, Lesferils, mats í tengslum við byrjendalæsi ofl. Skólapúlsinn er nýttur sem mæling á líðan og starfi með nemendum og starfsmönnum og ánægju foreldra með þjónustu skólans og hvort að fyrirhugaðar breytingar vegna sameiningar séu metnar til góðs.

LISTADEILD

Í listadeild Seyðisfjarðarskóla fer fram kennsla í listgreinum (tónlist, sjónlist og sviðslistum) og verkgreinum (textílmenn, smíði, hönnun og heimilisfræði). Listadeild sinnir nemendum leikskóladeildar, grunnskóladeildar og nemendum Tónlistarskólans.

STARFSEMI Í LISTADEILD

Listadeild rekur Tónlistaskólann sem starfar samkvæmt lögum og námskrá um tónlistarskóla en jafnframt er meginmarkmið starfsins að veita nemendum tækifæri og rými til að þjálfa sig í öðrum list- og verkgreinum: sjónlist, textíl, smíðum, hönnun, sviðslist. Leitast er við að kynna fyrir nemendum helstu leiðir og aðferðir í hverri grein fyrir sig. Aðaláhersla er lögð á að hver nemandi finni sína fjöl með því að vinna sjálfstætt að skapandi verkefnum, undir faglegri leiðsögn kennara, þar sem framsetning og góður frágangur er hafður að leiðarljósi.

Sköpunarferlið er í forgrunni í allri vinnu í listadeild. Í gegnum opna þróunarvinnu ná nemendur tökum á grunnþáttum ferlisins. Nemendur fá þjálfun í hugmyndavinnu, en með því að stunda slíka iðju markvisst, oft og reglulega og á víðum grundvelli verður nemendum samt að finna lausnir á vandamálum, sjá möguleika til uppbyggingar, nýsköpunar og sjá sig sem gerendur í eigin lífi. Samhliða því ferli eru hugmyndir nemenda einnig framkvæmdar og nemendur læra að vinnusemi og þrautseigja kemur manni á leiðarenda. Í gegnum þetta ferli læra nemendur líka að axla ábyrgð á eigin vinnu.

Eitt af hlutverkum listadeildar er að vera faglega leiðandi í skólastarfi alls skólans og fléttast kennslan inn í starf leik- og grunnskóladeildar skólans þar sem kennsla og áherslur taka mið af aldri og þroska nemenda. Samþætting námsgreina er ofarlega á baugi í starfi skólans og þar getur listadeildin verið með mikilvægt framlag. Leitast er við að tengja viðfangsefni leik- og grunnskóladeildar saman við list- og verkgreinar á skemmtilegan og skapandi hátt, t.d. í gegnum skólaskemmtun og önnur tækifæri.

Veigamesta verkefni undanfarinna þriggja ára hefur falist í því að móta starf deildarinnar og ýta því úr vör með góðri aðkomu Benedikts H. Hermannssonar að starfinu. Veturinn 2019-2020 höldum við áfram því góða starfi og byggja upp framtíðargrundvöll fyrir deildina. Haldið verður áfram að laga starf tónlistarskólans að annarri starfsemi skólans og eins verður haldið áfram að leita leiða til að víkka út starfsemi deildarinnar eins og kostur er.

Lögð verður einnig áhersla á námskeiðahald í fleiri greinum en tónlist, sem nýttist flestum bæjarbúum.

TÓNLISTASKÓLINN, NEMENDUR OG STARFSFÓLK

Skólaárið 2019-2020 er boðið upp á nám fyrir strengjahljóðfæri, slagverk, blásturhljóðfæri auk það sem hægt verður að leggja stund á söng og raftónlist í heilu eða hálfu námi. Heilt nám er 60 mín á viku og hálf nám er 30 mín á viku. Í byrjun september 2019 eru skráðir 56 nemendur sem er örflítil aukning milli ára. Gjaldskrá kaupstaðarins gildir fyrir tónlistarnámið.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Leitast er við að skapa samfellu í skóladeginum hjá nemendum. Nemendum Seyðisfjarðarskóla, grunnskóladeildar er því kennt á skólatíma grunnskóladeildar og samkvæmt samkomulagi. Kennsla fer fram í tónlistarstofunni í rauða skóla og nýju kennslustofunni í kjallara gamla skóla, sem var tekin til notkunar á síðasta skólaári. Á þessu skólaári bætist við aðgangur að nýrri kennslustofu í kjallara Gamla skóla. Þessar stofur köllum við K1 og K2.

Söngkennsla fer að hluta til fram í þremur tveggja vikna lotum sem dreifast jafnt yfir árið en hver lota endar á tónleikum. Annað söngnám og hljóðfæranám fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið. Allir nemendur koma fram á hefðbundnu jóla- og vortónleikahaldi og koma með einum eða öðrum hætti að uppsetningu skólaskemmtunar auk ýmissa viðburða yfir skólaárið.

STARFSFÓLK LISTADEILDAR

Nýr stjórnandi (40% starfshlutfall) tók við í ágúst 2019 en hún kennir einnig heimilsfræði, upplýsingamennt og val á mið- og unglíngastigi í grunnskóladeild (30-35% starfshlutfall) í vetur.

Um það bil hálf stöðugildi er við kennslu á gítar, bassa, trommur og raftónlist, Auk hálf stöðugildis við gítarkennslu og ugulelekennslu í fjarnámi. Fjórðungs hlutastarf er við söngkennslu í þremur lotum, sem verktaki. Auk þessa er um hálf stöðugildi við píanókennslu og klassískan söng jafnt yfir veturinn.

Stundakennari kemur til með að kenna á strengjahljóðfæri og eins verður leitast við að finna stundakennara fyrir blásturshljóðfæranemendur.

Samspil verður kennt tveimur til þremur lotum yfir skólaárið og hefur sá tónlistamenntaði kennari einnig aðkomu að vali nemenda á unglíngastigi, sem verktaki.

Samtals er heimild fyrir tveimur stöðugildi til tónlistarkennslu í Tónlistarskólanum fyrir utan kennslumagni aðstoðarskólastjóra sem er 60% starfshlutfall hans skv. starfslýsingu.

Starfsfólk listadeildar situr vikulega starfsmannafundi og fagfundi eftir nánari ákvörðun aðstoðarskólastjóra.

Stundakennarar/verktakar í kennslu fá greiðslu vegna ferða eða ferðir og aðgang húsnæði á meðan á dvöl þeirra stendur.

Listgreinakennarar sem kenna í grunnskóladeild tilheyrja faglega listadeild en formlega grunnskóladeild en auk þess sjá þeir kennarar eftir atvikum um kennslu í öðrum deildum og námskeið sem opin eru almenningi.

Stjórnendur sjá fyrir þörf fyrir aukningu á mönnun á næsta skólaári, sérstaklega vantar tónlistarkennara sem getur kennt á ýmis hljóðfæri og haft umsýslu með hljóðfærum og tónlistartengdum búnaði. Einnig er vilji fyrir því að bjóða bæjarbúum upp á nám í öðrum listgreinum utan skólatíma og krefst það aukinnar mönnunar.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

BREYTINGAR

Eins og í leik- og grunnskóladeild verður uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar leiðljós innan listadeildar. Sérstaklega verður lögð áhersla á samhljóm milli sjálfsaga og sjálfstæðra vinnubragða, sem er lykilatriði í allri listsköpun.

Nokkuð er um breytingar í starfsteymi listadeildar á þessu skólaári. Nýir starfmenn í tónlistarskólanum eru tveir annar stundakennari hinn tónlistakennari sem mun bjóða upp á fjarkennslu og verður það í fyrsta skipti innan tónlistarskólans sem þesskonar nám er í boði.

Verkgreinakennari bætist einnig í hópinn og kennir hún sjónlistir og textílmennt í grunnskóladeild og í listadeild. Þetta er í fyrsta skipti í nokkur ár sem kennt verður textílmennt heildstætt yfir árið í grunnskóladeild og ljóst er að mjög nauðsynlega þarf að yfirfara efnivið, tæki og tól. Ennfremur þarf að skoða aðstöðu í kennslustofu fyrir sjónlistir og textílmennt og aðlaga rýmin og búnaðinn betur að starfinu sem fer þar fram.

OPNUNARTÍMAR

Kennsla fer fram í listadeild frá kl. 08:15 til kl.18:00. Tónlistaskólinn fylgir skóladagatali grunnskóladeildar.

HELSTU MARKMIÐ LISTADEILDAR ÁRIÐ 2019-2020

- Innleiða Uppeldi til ábyrgðar í kennslu og starfi innan deildarinnar.
- Leiða faglega listrænt starf í Seyðisfjarðarskóla og hafa frumkvæði að samþættingu námsgreina, skapandi vinnu og sjálfbærinámi.
- Bjóða upp á hefðbundið tónlistarnám þar sem stefnt er að stigsprófum.
- Bjóða upp á raftónlistarnám og skapandi tónlistarnám.
- Starfa að verkefnum og vera sýnileg innan í leik- og grunnskóladeildar og í Skólaseli.
- Bjóða upp á listnám utan hefðbundinnar skólagöngu, fyrir börn og fullorðna.
- Styðja við dans- og leiklistarkennslu í skólanum.
- Þróa og efla kennslu í stafrænni miðlun
- Yfirfara kennslufni í textíl- og sjónlistum, tækjabúnað og kennslustofur listadeildar.
- Starfa í nánú samstarfi við Skaftfell menningarmiðstöð, Lunga skólann og fleiri stofnanir um þróun deildarinnar. Listamenn á vegum Skaftfells munu eftir sem áður geta átt í samstarfi við skólann um verkefni samkvæmt samningi þar um.
- Listadeild tekur eftir sem áður þátt í verkefnum List í ljósi.
- Listadeild Seyðisfjarðarskóla stefnir að að vera öðrum til fyrirmyndar hvað snertir skapandi vinnu í skólum á grunn- og leikskólastigi.

BÚNAÐUR SEM ÞARF AÐ UPPFÆRA

- Kvikmyndatökuvél/myndavél
- Hljóðfæri ýmiss innkaup
- Viðhald tækja og hljóðfæra (reglubundið)

LOKAORÐ

Skólaárið í ár er fjórða starfsárið þar sem sameining skólanna er veruleiki nemenda, starfsfólks og stjórnenda. Margt hefur lærst á undanförunum árum og mjög viðamiklar breytingar hafa átt sér stað. Skólahúsnæðið hefur verið bætt mikið, en enn er úrbóta þörf ef vel á að vera og eins koma fram raddir í samfélaginu sem kalla á aukna þjónustu, það er, herra þjónustustig. Afar brýnt er að skólasamfélagið, fræðslufirvöld og bæjarstjórn haldi áfram að skoða framtíðarsýn af metnaði, þá gjarnan út frá námsárangri og bættri líðan nemenda og starfsfólks. Æskilegt er að markmið ásamt aðgerðabundinni stefnu um skólalald og þróun skólans af hálfu bæjaryfirvalda mótist og þróist á árinu.

Á haustdögum liggur fyrir kosning um sameiningu sveitarfélaganna. Skólastjóri óskar eftir að umræða um skólalald og stuðningur við það sé sett á oddinn í starfi yfirvalda bæjarins hvar svo sem stjórnarsýslan hefur aðsetur. Jafnframt ítrekar skólastjóri ósk sína frá fyrra starfsári að húsnæðismál skólans verði rædd í heild sinni á skólaárinu með það að markmiði að skýr heildarsýn og ákvarðanir um skólahúsnæði líti dagsins ljós. Það er mikilvægt og tímabært að hefja umræðu um nýbyggingu húsnæðis þar sem allar deildir verða undir einu þaki því að mikið viðhald og breytingar á húsnæði og skólalóð þurfa að eiga sér stað ef vel á að vera. Við sem störfum í skólanum tökum alvarlega ábyrgð okkar sem grunnstoð öflugs og aðlaðandi samfélags og viljum starfa þannig að Seyðisfjörður sé eftirsóttur búsetukostur fyrir barnafólk um ókomna framtíð. Góður og öflugur skóli er grunnstoð slíks veruleika.

Öll verkefni sem lýst er í áætluninni eru brýn verkefni. Hér í lokin er að lokum sett sett fram sú ósk að byggt verði gróðurhús og gróðurreitir við skólann sem nýtast myndi til kennslu, til að skólinn (nemendur) geti hafið ræktun á grænmeti á ársgrundvelli sem nýtast myndi skólamötuneyti. Jafnframt er óskað eftir dýrahúsi fyrir skólaárið 2020-2021, þar sem hægt er að halda hænur og minni dýr, nemendum til yndisauka og til að efla fjölbreytta kennsluhætti, ábyrgðarkennd og umönnunarpörf nemenda. Nemendur á miðstigi hafa smíðað slíkt hús nú þegar (veturinn 2018-2019) og það er tækifæri til að láta draum um dýrahald verða að veruleika. Sé vilji til slíkra breytinga og grænmetisræktunar meðal starfsfólks og nemenda munu styrkumsóknir verða gerðar með það að markmiði að styðja við slík áform.

Að öðru leyti er í starfsáætlun þessari vísað fylgigagna og til heimasíðu skólans, þar er að finna áætlanir og nánari lýsingu á dagskipan í deildum, fyrirkomulagi kennslu og starfi í nefndum og ráðum. Skóladagatöl eru þegar samþykkt og er að finna á heimasíðu.

16.september 2019

Svandís Egilsdóttir, skólastjóri

Bryndís Skúladóttir, aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar.

Pórunn Óladóttir, aðstoðarskólastjóri grunnskóladeildar.

Tinna Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri listadeildar.

SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Fylgigögn:

Grunnskóladeild

Kennslumagn, nemendafjöldi og fyrirkomulag kennslu

Fundir

Nefndir

Leikskóladeild

Starfsmannaskipulag eftir deildum

Viðauki: dagskipulag og mánaðardagatal

Lagt fyrir fræðslunefndarfund 23.9.2019